

## 4.4. Breytingar.

Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 427, 16. júní 1999, með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækka um 2,9% við birtingu þessarar auglýsingar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 416, 18. júní 1999, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir raforku hækka um 4,3%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*